

Fimmtudaginn 9. desember 1993.

Nr. 345/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Magnúsi Svavari Emilssyni**

(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals. Refsiákvörðun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi einvörðungu til endurskoðunar á refsíákvörðun, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að refsivist verði stýtt og höfð skilorðsbundin. Af ákærvaldsins hálfu var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. júní 1993, og er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, þar sem tekið er tillit til refsimildandi atriða, þykir verða að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Svavar Emilsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1993.**

Ár 1993, föstudaginn 4. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 321/1993: Ákærvaldið gegn Magnúsi Svavari Emilssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dag-

settu 18. f. m., á hendur ákærða, Magnúsi Svavari Emilssyni, Bæjarholti 7 B, Hafnarfirði, fæddum 23. ágúst 1953, fæðingarnúmer 274.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir skjalafals með því að framvísa á eftirgreindum stöðum í Reykjavík, nema annars sé getið, í febrúar og mars 1993 greiðslukorti Gylfa Jenssonar frá Visa Island nr. 4507 4500 0020 9483, sem ákærði hafði stolið og falsað þar nafn Gylfa undir nótur fyrir úttekt á vöru og þjónustu, sem ákærði lét skuldfæra á reikning Gylfa hjá greiðslukortafyrirtækinu. Nóturnar eru dagsettar 6. 3. 1993, nema annars sé getið: [Taldar upp nítján nótur, að fjárhæð samtals 74.107 krónur].

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru og þar eru rétt færð til refsíákvæðis. Ákærði greiddi að fullu bætur fyrir brot sín.

Ákærði var dæmdur 13. apríl f. á. í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir þjófnað. Þá gekkst hann á árunum 1978 til 1980 þrívegis með dómsátt undir sektargreiðslur, tvívegis fyrir auðgunarbrot og einu sinni fyrir ölvunarakstur.

Ákærði hefur með háttsemi þeirri, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð áðurgreinds dóms, og ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1995, að taka það mál einnig til meðferðar og dæma refsingu í einu lagi fyrir bæði brotin. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og því, að ákærði hefur bætt fyrir brot sín, hæfilega ákveðin fangelsi sjö mánuði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Svavar Emilsson, sæti fangelsi sjö mánuði.  
Ákærði greiði allan sakarkostnað.

---